

# Embætti

V. árg.

Síglufirði, föstudaginn 3. apríl 1936

4. tbl.

## SOPHUS AUÐUNN BLÖNDAL.

Aðfaranótt hins 22. f. m. andaðist Sophus A. Blöndal, ræðismaður, að heimili sínu hér í Síglufirði, eftir þunga legu. Banamein hans var nýrna-veiki og hjartabilun.

Sophus A. Blöndal var fæddur í Reykjavík 5. nóvember 1888, voru foreldrar hans hjónin Björn Blöndal, læknir, og Sigríður, fædd Möller. Hann nam verzlunarfræði og var fyrst við verzlun á Hvammstanga, en fluttist hingað 4. júlí 1915 og tók þá við forstöðu verzlunar Snorra Jónssonar. Árið 1918 byrjaði hann að reka verzlun fyrir eigin reikning og hélt þeim rekstri áfram þar til árið 1928. Jafnframt rak hann útgerð og sildarsöltun, rak hann hina síðarnefndu atvinnugrein til dauðadags.

Blöndal sál. gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum. Var hann um all-langt skeið bæjarfulltrúi og síðar fyrsti varafulltrúi. Formaður sóknarnefndar var hann í mörg ár og gegndi auk þess ýms-um öðrum opinberum störfum. Meðan Síldareinkasalan starfaði var hann skrifstofustjóri hennar og eftir að Síldarútvegsnefnd var sett á stofn var hann skrifstofustjóri hennar. Ræðismaður Þjóðverja varð hann árið 1922.

Hann giftist 1. júlí árið 1916 eftirlifandi konu sinni, Ólöfu, dóttur Hafliða Guðmundssonar, hreppstjóra hér. Eignuðust þau tvær dætur, Sigríði og Sveinbjörgu. Hjónaband þeirra Blöndals og Ólafar var svo með ágætum, að vandfundnið mun annað eins. Var heimili þeirra viðbrugðið fyrir gestrisni og ljúfmannlega framkomu þeirra hjóna. Þau nutu því hinna mestu vinsælda, eigi

aðeins hér í Síglufirði, heldur og hjá fjölda annara manna er kynntust þeim og heimili þeirra.

Sophus A. Blöndal var framúrskarandi glæsímenni, fríður sýnum, tígulega vaxinn og þróttlegur bæði á vöxt og svip, ljúfmannlegur í öllu viðmóti en þó festulegur, enda hélt hann jafnan fast á skoðunum sínum og sannfæringu, hver sem í hlut átti, gleðimaður og söngelskur. Var hann félagi og starfandi í karlakórnum „Vísir“ frá því nokkru eftir að kórinn var stofnaður og til dauðadags.

Við andlát Sophusar A. Blöndal hefir Síglufjörður misst einn af sínum bestu mönnum. Verður vandfyllt sæti hans á mörgum sviðum opinberra mála. Þyngstur er þó missir konu, barna og nánustu vandamanna, en allir þeir, er kynntust hinum látna ágætismanni, munu harma burtför hans og sakna hans sárt.

Eg, sem þessar línur rita, gat því miður ekki talið mig með nánustu vinum Sophusar A. Blöndal. En þó finnst mér, að mér aldrei hafi fallið jafn sárt og nú að missa samferðamann, er var mér ekki nátengdur.

Get eg því vel skilið hinn þunga harm þeirra, er nutu þeirrar ánægju, að lifa innilegu samlífi við hann, hvort heldur voru vandamenn eða vinir.

Vinir Blöndal sál. geta sagt hið sama um hann og Jón biskup Ögmundsson sagði um Ísleif biskup: „Þá kemur mér hann æ í hug, er eg heyrri góðs manns getið“.

H. J.



Sophus A. Blöndal.

# Nokkur minningarorð.

22. þ. m. andaðist að heimili sínu hér í bænum Sophus Auðunn Blöndal, einn hinna mætustu og merkustu borgara þessa bæjar fyrir margra hluta sakir.

Þar sem eg veit, að blaðið mun flytja nákvæma æfiminning hans mun eg aðeins í fáum orðum minnast þessa merkismanns, er eg um 17 ár hef átt samleið með.

Sophus Blöndal var ágætlega gefinn, listhneigður, söngelskur og söngvinn svo sem títt er um svo margra af Blöndalsætt. Hann nam ungur verzlunarfræði og lagði stund á verzlun og viðskifti, hann var þýzkur vicekonsull hér á staðnum, skrifstofustjóri fyrst hjá Sildareinkasölunni, síðar hjá Sildarsamlaginu og voru þau aðalstörf hans upp á síðkastið, auk margra annarra. Hann sat og í bæjarstjórn Siglufjarðar í fleiri ár, var lengi í skattanefnd, formaður sóknarnefndar og í ýmsum fleiri nefndum og trúnaðarstöðum. Jeg átti því láni að fagna að starfa oft með honum í bæjarstjórn og í ýmsum nefndum. Mátti með sannni segja að jafnan væri sæti hans vel skipað. Gæt hann sér í hvívetna orð fyrir samvirkusemi og lipurð, en hélt þó með festu á hverju máli.

Í þessum og fleiri störfum kom svo greinilega í ljós, hve heitt hann unni bænum, sem vér byggjum, og hversu óbifanlega trú hann hafði á framtíð bæjarins, þótt stundum blési á móti. Eg er viss um, að mörgum Siglufriðingnum þykir vænt um fjörðinn sinn, en meðal þeirra er heitast hafa unnað Siglufriði, hefir þessi látni, eldheiti, Siglufriðingur verið. Eg á bágt með að sætta mig við þá tilhugsun, að þessi vinur minn sé látinn. Fyrir orstuttu var hann heill og glaður í lund og í návist minni, þótt var væri hann þá orðinn sjúkdóms þess er leiddi hann, rúmlega 47 ára gamlan, til bana. Hann kallaðist því burt frá hálfunnu æfistarfi og þótt oss öllum sè mikil eftirsjá að honum, þá er þó harmurinn sárastur kveðinn að eftirlifandi konu hans og móður og 2 mannvænlegum dætrum. Eg var tíður gestur á heimili hans, sem var fyrirmynd að prýði og fólkskvaleysi, og þar

naut hann óblandinnar gleði og ánægju meðal ástvina sinna, ástrikra konu og barna. Eg tel hann því hafa verið gæfumann, því að þar átti hann mikinn auð ástúðar og kærleika. En utan heimilis var hann og virtur og dáður af þeim, er hann þekktu vel.

Eg er viss um að allir kunnugir vilja ljúka upp með mér einum munnni er eg segi: Hann var mikill drengskaparmaður og fólksvalaus vinur. Eru minningarnar um þessa kosti eigi veglegasti minnisvarðinn, er hver og einn getur eftir sig látið í mannheimi? Jú, sannarlega, og ekki að eins sem minnisvarði í mannheimi, heldur er það og trúa mín, að slíkir kostir muni verða

lýsandi viti, er best og lengst munu lýsa til hinnar ókunnna strandar. Er eg heyrði harmsöguna miklu: að hann væri látinn, dattu mér í hug hin alkunnu spakkvæði norrænnar drengskapartrúar:

Deyr fé  
deyja frændur,  
deyr sjálfur et sama;  
en orðstírr  
deyr aldri  
hveims sér góðan getur.

Já, orðstírr drengskapar og mannlundar deyr aldrei. Heill sé þér, er trúðir á þá lífsreglu og breyttir eftir henni. Sæll veri þú og vér vinir þínir þökkum hlýju handtök þín og ánægjulegar samverustundir. Minning þín lífi.

Siglufriði 28. marz

G. Hannesson.

## Vinarminning.

Þegar gengið er upp á sjónarhól mannlífsins, til þess að líta yfir æfi látinna vina, verður mörgum það fyrir, að koma fyrst og fremst auga á opinber störf þeirra, störfin sem þeir unnu í þágu þjóðfélagsins og sveitarfélagsins, störfin út á við.

Svo fer mér þó ekki við burtför Sophusar Blöndals, enda veit eg að aðrir festa sig meira við þau atriði í lífi hans.

Mér mun jafnan verða hann hugstæðastur sem vinurinn, alla leið frá æskuárunum. — vinurinn nærgætni, sem jafnan veitti hverju sári eftirtekt, og var reiðubúinn að leggja við þau lífgrös, — og sem söngbróðirinn smekkvísi. Hann var gæddur listamannseðlinu í ríku mæli, og augu hans og eyra var óvenju næmt fyrir allri fegurð, mistéllurnar særðu hann, hann varð þeirra strax var, og því var leiðsögn hans í söngnum svo örugg og góð.

Sophus Blöndal gætti þess smáa betur en nokkur maður annar, sem eg hef þekkt: Að samgleðjast vinum sínum og vandamönnum og sýna þeim hugulsemi á fagnaðarstundunum og rétta hlýja hönd, þegar á móti blés. Það var þessi

óvenjulega nærgætni, hugulsemi í því sem smátt er talið, sem olli því, hve innilega hann var elskaður af fjölskyldu sinni og hversu sárt hans er saknað af vinunum.

Okkur finnst dimma yfir bænum okkar við burtför hans, tómléikatilfinningin umlykur okkur, nöpur og kvíðvænleg.

Þormóður Eyólfsson.

## Leikfélag Siglufjarðar.

Þau tíðindi gerðust í vetur, er snerta menningarsögu Siglufjarðar, að stofnað var leikfélag, með það markmið, að efla og halda uppi góðri leiklist í bænum. Allstaðar, með öllum menningarþjóðum, er þessi tegund listar í hávegum höfð og henni veittur margvíslegur stuðningur af hálfu hlutaðeigandi bæja- og ríkisstjórna. Hér í Siglufriði hafa verið haldnar leiksyningar um all-langt

# Embætti

V. árg.

Siglufirði, fimmtudaginn 16. apríl 1936

5. tbl.

## Sophus A. Blöndal

5. þ. m. fylgdum við Framsóknarmenn hér á Siglufirði einum okkar bezta félaga til grafar: Sophusi Blöndal, — félaga sem okkur þótti öllum vænt um, skírum, félagslyndum og bráðmyndarlegum manni. Við leggjum öll fyr eða síðar af stað í síðustu ferðina — yfir landamærin ókunnur; hjá því kemst enginn, hvort sem hann er stór eða smár, hraustur eða veikur. „Um héraðsbrest ei getur, þó hrekki sprek i tvennt“, þó gamall maður eða kona kveðji þennan heim. Aftur er það sárara og sviðameira, þegar menn á besta aldri hverfa af sviðinu — menn sem útlit er fyrir að ættu og gætu unnið mikið meira fyrir land og

þjóð. Þó er ekki hægt að deila á neinn: „Hvenær sem kallið kemur, kaupir sig enginn fri“.

Sophus Blöndal var starfandi á hugamaður í félagi okkar Framsóknarmanna hér á Siglufirði frá því það var stofnað og formaður þess nokkur árin síðari eða þangað til heilsan bilaði, og jafnan reyndist hann okkur ágætur liðsmaður. Það verður þessvegna „skarð fyrir skildi“ í okkar hóp, samstarfsmanna hans, skarð sem vandfyllt verður.

Við félagsbræður þínir, Sophus Blöndal, þökkum þér af hug og hjarta fyrir samvinnuna meðan dagur entist. Hvíldu í guðsfríði, félagsbróðir og vinur.

Hjálmar Kristjánsson.

er háð fyrir heildina, að takmarkið er *islenzka þjóðin*. — Við skulum taka dæmi þess, að fimleikamaður verði skíðamaður og gerist meðlimur þess félags, eða þá gagnstætt, — hann væri ekki eingöngu kominn í þann félagsskap til þess aðeins að vinna fyrir skíðalistina, nei, hann yrði að hafa stærri sjóndeildarhring. Hann verður að sjá svo langt, að maðurinn, sem er þjálfaður í sem flestum íþróttageinum, verður þegar allt kemur til alls, afkastamesti maðurinn í hverri einstakri grein fyrir sig. — Það væri enginn sannur fimleikamaður, sundmaður eða vetrariþróttamaður, er ekki sæi kostina við einhverja sérstaka íþróttgrein, þótt hann ekki stundaði hana sjálfur. Honum verður að skiljast það, að því viðtækar sem hann stundar íþróttir, því meiri þjálfun fær hann og því meiri þekkingu. Að með viðtækari þjálfun læra íþróttamennirnir betur að skilja hvern annan, og þá hina drenglyndu baráttu, er þeir vitandi eða óafvitandi heya fyrir land og þjóð. — Á þennan hátt þurfa því íþróttamennirnir að rétta hvor öðrum hendur, og með því byggja þá brú er ferjar þá yfir verstu ógöngurnar, er standa sem Prándur í Götum, að takmarkinu.

Þá verður eigi lengur til sjálfstæður félagsskapur í sérgreinum íþróttar, því allar þessar deildir starfa saman í einum félagsskap, að íþróttafélagsskapurinn verður orðinn sameinuð starfsemi, er svo aðeins getur dafnað og blómgastr, að allar sérgreinir íþróttar verði sameinaðar í einn félagsskap, er síðan starfar út á við sem ein heild, — og að íþróttamaðurinn *allti alhliða iðkun íþróttar réttu leiðina*, því þá kemst hann fyrst að raun um það, að *þar er sama heidarlega baráttan háð, að sami eldurinn logar í hjarta íþróttamannsins*,

## Ræða Björns Jónssonar, flutt á íþróttasýningu „K.S.“ 21. marz '36.



„Og „Allt fyrir Ísland“ sé einkunnin vor. :: og andi vorra langfedra vekur kraft og þor. ::“

Hver einasti sannur íþróttamaður hlýtur að bera í brjósti sér einhverja háleita von, einhverja göfuga hugsjón og þrá til þess að vinna þjóð sinni gagn og sóma. Iðkun íþróttar og alhliða skilningur almennings á íþróttunum álitur hann vera þá réttu leið til þess að skapa hrausta, heilbrigða, síðaða, vel menntaða og sameinaða þjóð. — Sannur íþróttamaður hlýtur að láta allar líkamsæfingar, er íþróttalegt gildi hafa, njóta réttar síns og viðurkennir, að hver sú sem íþróttin kann að vera, þá sé með iðkun

hennar verið að leysa af hendi vist hlutverk á sviði íþróttanna, til blessunar fyrir þjóðina. — Hann hlýtur því að styðja að alhliða iðkun íþróttar, þótt hann sjálfur ef til vill ekki leggi stund á nema fáar af þeim fjölmörgu íþróttageinum, sem hægt er að stunda. — Vetrariþróttamaðurinn, inniþróttamaðurinn og útiþróttamaðurinn mega ekki án hvers annars vera. Þeir hljóta að vita það, að allir eru þeir að berjast fyrir sama málefni, þótt þeir iðki íþróttir á mismunandi hátt, — að baráttan er sú hin sama, að hún